

Áætlun um móttöku nýrra nema

Erfitt getur verið að byrja í nýjum skóla þar sem aðstæður eru ókunnugar og nemandi þekkir hvorki skólaumhverfið né þær hefðir sem þar hafa skapast. Það er mikilvægt að nýjum nemendum og nýjum foreldrum sé kynnt hvernig skólastarfið gengur fyrir sig. Beinast liggur við að þetta sé í höndum tilvonandi umsjónarkennara og með hjálp bekkjarins getur umsjónarkennarinn gert fyrstu skrefin auðveldari fyrir þeim sem koma nýir.

Markmið þessarar áætlunar

- Að nýjum nemanda finnist hann velkominn og honum líði vel
- Að nýr nemandi aðlagast skólaumhverfinu og nýjum aðstæðum sem best.
- Að nemendur í námshópi þess sem nýkominn og í skólanum öllum geri sér grein fyrir að þeir beri að hluta til ábyrgð á að nýjum nemendum líði vel, vaxi og dafni félagslega.
- Gera foreldrum nýs nemanda auðvelt að aðlagast foreldrasamfélaginu

Leiðir:

- Tilkynna starfsfólki um nýjan nemanda er í höndum skólastjóra.
- Umsjónarkennari eða skólastjóri í forföllum hans, kynnir nemanda og forráðamanni skólahúsnæðið (vettvangsferð) og starfsmenn. Þá sérstaklega stofu, útikennsluáðstöðu, matsal og íþróttáðstöðu
- Umsjónarkennari kynnir nemanda og forráðamanni skólastefnuna, skólareglur og skólanámskrá, segir frá heimasíðu og hvar hægt sé að nálgast upplýsingar
- Um mánuði eftir skólabyrjun hefur umsjónarkennari frumkvæði að samskiptum við foreldri til að heyra hvernig gangi
- Umsjónarkennari viðar að sér gögnum um nemandann og aflar nauðsynlegra bóka og námsgagna fyrir hann, finnur til borð og hugar ef til vill að annarri uppröðun í stofuna svo að nemandinn komist fljótt inn í nám og félagslegt umhverfi.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn áður en nýr nemandi kemur og gott er að fá einhverja nemendur til að verða „leiðsögumenn“

- Umsjónarkennari sér til þess að mynd af nemanda komist upp á vegg með öðrum nemendum, að hann fái kynningu á umhverfissáttmála og útbúi sér fisk til að setja á hann og að hann fái merktan snaga og hólf undir skóna sína
- Umsjónarkennari og aðrir gæta þess að nemandi viti um þá atburði sem eiga sér stað í félagslífinu, bæði innan skólans og utan. Við hvetjum og bjóðum nemenda og forráðamönnum að taka þátt í viðburðum
- Umsjónarkennari og skólastjóri hvetja nemendur og aðra foreldra til að bjóða nýja fólkinu í heimsókn.
- Umsjónarkennari leitar eftir upplýsingum um líðan nemandans hjá öðrum kennurum og foreldrum jafnt og þétt. Aðrir kennarar láti umsjónarkennara vita um líðan og aðlögun nýja nemandans.
- Kennarar kynni sér vefinn <http://tungumalatorg.is/velkomin/> og nýti hann í samskiptum sínum við foreldra og nemendur með annað tungumál ef á þarf að halda.

Fósturbörn

Með fósturbörnum sem koma í vistun til fósturforeldra skal hafa aukna tilsjón. Umsjónarkennara skal halda dagbók um líðan og aðlögun nemandans á Mentor og skrá vikulega í hana fyrstu 3 mánuðina. Lögum samkvæmt skal gera móttökuáætlun er hún gerð í hverju tilfelli fyrir sig og kynnt fósturforeldrum. Umsjónarkennari skal setja sig í samband við fósturforeldra hálfsmánaðarlega símleiðis fyrstu 3 mánuðina eftir komu barnsins en mánaðarlega eftir það til að ganga úr skugga um að líðan og aðlögun gangi vel og mæta þeim þörfum sem nemandinn hefur. Skólafirvöld skulu í samráði við fósturforeldra leitast skal við að fá þá aðstoð sérfræðinga eftir þörfum.

Unnið veturinn 2014-2015
Samþykkt af skólanefnd 2015
Endurskoðist eftir þörfum